

Mál nr. 386/2014
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á bílastæði við Engjasel 22. október 2014.

Gögn.

1. Málskot móttækið 22. desember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 30. desember 2014.
3. Tölvupóstur V2 dags. 7. janúar 2015.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjonstilkynningu kemur fram á framhlið að báðir ökumenn hafi ekið út frá bílastæði, lóð einkavegi e. þ.h. Nánar tiltekið óku báðir ökumenn bifreiðanna aftur á bak úr stöðureit bifreiðastæða um það bil sem árekstur varð.

M sem ökumaður bifreiðar A kveðst þrátt fyrir merkingu á framhlið tjonstilkynningar hafa verið kyrrstæður þegar bifreið B hafi verið ekið á bifreið A. M vísar einnig til þess að ökumenn hafi verið sammála í samtali eftir áreksturinn um að ökumaður bifreiðar B hafi ekki verið að fylgjast nægilega vel með umferð áður en áreksturinn varð. M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla ábyrgð á árekstrinum þar sem hún hafi ekið á bifreið hans kyrrstæða og án aðgátar.

V1 hefur ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins en V2 telur ljóst af framhlið tjonstilkynningar að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak fyrir árekstur og báðum hafi því borið að gæta varúðar í samræmi við 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ekki liggja fyrir sönnun um að bifreið A hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð.

Álit.

Ekki verður annað ráðið af merkingum og teikningu á framhlið sameiginlegrar tjonstilkynningar en að báðar bifreiðar hafi verið í akstri aftur á bak þegar árekstur varð. Sá sem heldur öðru fram ber sönnunarbyrði um að atvik hafi verið með öðrum hætti. Sönnunargögn þau sem liggja fyrir í málinu bera ekki með sér sérstaka skýrslu ökumanns B, framburð vitnis eða aðra frekari staðfestingu á því að bifreið A sem M ók hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Ekki verður litið svo á að orð M fyrir því sé nægileg sönnun í ljósi þess sem kemur fram á framhlið áður nefndar tjonstilkynningar. Ber M hallann af umræddum sönnunarskorti. Verður því ekki annað séð en að árekstur verði rakinn til þess að hvorugur ökumanna gætti nægrar varúðar eins og þeim bar skv. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga við akstur aftur á bak. Verður því að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík 22. janúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.